

GJALDSKRÁ

um gatnagerðargjald í Grundarfirði.

1. gr.

Almennt.

Bæjarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjald á allar nýbyggingar svo og stækkanir eldri húsa sem eru á eignar- eða leigulóð í Grundarfirði. Greiða skal gatnagerðargjald til bæjarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. heimild í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Innifalið í gatnagerðargjaldi er gatnagerð, svo sem undirbygging gatna, tilheyrandi lagnir, m.a. vegna götulýsingar, lagning bundins slitlags, gangstétta, umferðareyja og þess háttar, sem gert er ráð fyrir í skipulagi.

2. gr.

Gatnagerðargjald.

Gatnagerðargjald er tvíþætt. Annars vegar er það vegna lóða sem úthlutað verður eftir gildistöku gjaldskrár þessarar og hins vegar vegna lóða sem úthlutað var fyrir gildistöku.

a) Gatnagerðargjald vegna lóða sem úthlutað er eftir gildistöku gjaldskrár þessarar.

Gatnagerðargjald er reiknað út frá stærð lóðar. Greitt er fast gjald á hvern fermetra lóðar og er lóðarhafa heimilt að byggja á lóðinni innan byggingarreits og samkvæmt því nýtingarhlutfalli sem deiliskipulag kveður á um. Ef deiliskipulag er ekki fyrir hendi skal ákveða nýtingarhlutfall við lóðarúthlutun. Ekki þarf að greiða gatnagerðargjald af viðbyggingum eða breytingum sem kunna að verða gerðar á húsi síðar. Aðeins er greitt eitt gjald fyrir hverja lóð. Ef óskað er eftir að byggja meira en nýtingarhlutfall lóðar segir til um skal semja sérstaklega um gjald fyrir það sem umfram er byggt. Upphæð gatnagerðargjalds er sem hér segir:

Gjald á fermetra lóðar er kr. 2.100 fyrir einbýlishús.

Gjald á fermetra lóðar er kr. 1.600 fyrir rað- og parhús.

Gjald á fermetra lóðar er kr. 1.100 fyrir fjölbýlishús.

Gjald á fermetra lóðar er kr. 1.300 fyrir iðnaðarhús.

b) Gatnagerðargjald vegna lóða sem úthlutað var fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar.

Gjaldskrá um gatnagerðargjald í Grundarfirði nr. 899 frá 16. janúar 2003 gildir áfram um lóðir sem úthlutað var fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, s.s. ef byggt er við eldra húsnaði.

3. gr.

Heimild til lækkunar og hækkunar gatnagerðargjalds.

Bæjarstjórn er heimilt að lækka eða hækka gatnagerðargjald, útreiknað skv. 2. gr. um allt að 50%, án þess að auglýsa það sérstaklega, m.a. vegna kostnaðar við land, undirbyggingu og frágang gatna, jarðvegsdýpt, þversnið lóðarfrágangs, frágangs í kringum afmörkuð hverfi, o.fl.

4. gr.

Álagning gatnagerðargjalds m.a. ef hús er rífið eða það brennur.

Þegar hús er rífið eða fjarlægt af lóð og nýtt byggt í staðinn, er heimilt að innheimta gatnagerðargjald að því er stækkuninni nemur skv. 2. gr. Sama gildir ef hús brennur og byggt er nýtt hús á lóðinni.

5. gr.

Greiðsla gatnagerðargjalds.

Innan þriggja mánaða skal sá er fær lóð úthlutað greiða gatnagerðargjaldið til bæjarsjóðs. Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskildum tíma og er þá bæjarstjórn heimilt að afturkalla byggingarleyfið og/eða lóðarúthlutun, og skal kveðið svo á í úthlutunar- eða byggingarskilmálum.

Bæjarstjórn getur samþykkt sérstakar vinnureglur um heimild bæjarstjóra og/eða skipulags- og byggingarfulltrúa til að semja um greiðslur gatnagerðargjalda.

Skuldabréf sem gefið er út sem greiðsla eða hluti greiðslu vegna gatnagerðargjalda skal tryggt með 1. veðrétti í lóðinni og mannvirkjum sem koma á hana eða með öðru jafn góðu fasteignaveði að mati bæjarstjóra. Skuldari greiðir vexti, lántöku- og stimpilkostnað vegna skuldabréfsins. Veðskuldabréfinu skal þinglýst á viðkomandi eign.

6. gr.

Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.

Ef lóðarhafi/byggingarleyfishafi segir sig frá úthlutaðri lóð/byggingarleyfi skal það gert skriflega og á hann þá rétt á endurgreiðslu gatnagerðargjalds verðbættu með vísitölu byggingarkostnaðar. Bæjarstjórn getur frestað endurgreiðslu gatnagerðargjalds þar til lóðinni hefur verið úthlutað að nýju, þó ekki lengur en sex mánuði.

Sama gildir um byggingarleyfi sem fellur úr gildi þar sem byggingarframkvæmdir eru ekki hafnar innan tilskilins tíma.

7. gr.

Heimild til að fella niður gatnagerðargjald.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður gatnagerðargjald bygginga á vegum sveitarfélagsins, fyrirtækja þess og stofnana.

8. gr.

Um eldri samninga og gatnagerðargjöld, álögd fyrir 1. janúar 1997.

Samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld fyrir 1. janúar 1997 skulu halda gildi sínu og innheimtast samkvæmt heimild í ákvæði til bráðabirgða í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996, sbr. 15. gr. reglugerðar um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

9. gr.

Vísitöluviðmiðun.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í mars 2006, 325,3 stig, og reiknast á hverjum tíma samkvæmt gildandi byggingarvísitölu.

10. gr.
Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett af bæjarstjórn Grundarfjarðar með vísan til laga nr. 17/1996 og öðlast gildi við fullnaðarstaðfestingu og auglýsingu. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá.

Samþykkt í bæjarstjórn Grundarfjarðar, 9. mars 2006.

Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. apríl 2006